

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 7.05.2024

Verkefnaráð	1
Vefur Borgarsögusafns: fasi 2 Ljósmyndasafn Reykjavíkur	2
Rafrænar beiðnabækur – niðurstaða greiningar	4
Stafrænt vinnuafll.....	6
Þarfagreining vegna fjárhagskerfa FAS	8
Önnur mál	10

Verkefnaráðsfundur 7.05.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 7.5.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Óskar Sandholt, Þróstur Sigurðsson, Ásta Þóll Gylfadóttir, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólímánn Helgason, Erna Kristjánsdóttir, Búi Bjarmar Aðalsteinsson, Eyrún Ellý Valsdóttir, Lára Aðalsteindóttir	
Fjarverandi: Harpa Atladóttir,	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Þriðjudagur 7. maí 2024, kl. 10:30 – 12:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:30 -10:35 Samstilling
10:35–10:50 Vefur Borgarsögusafns: Fasi 2 Ljósmyndasafn Reykjavíkur – Lára Aðalsteins
10:50–10:55 Umræður
10:55–11:10 Rafrænar beiðnabækur FAS – Eyrún Ellý og Erna
11:10–11:15 Umræður
11:15-11:30 Stafrænt vinnuafli – Búi og Erna
11:30-11:35 Umræður
11:35-11:50 Þarfagreining vegna fjárhagskerfa FAS - Erna
11:50-12:00 Umræður og önnur mál
12:00 Fundi slitið

Vefur Borgarsögusafns: fasi 2 Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Verkefnið er framhald af verkefninu Safnavefir. Vefur Ljósmyndasafns Reykjavíkur er nú vefbirting í gengum Fotoweb og er ætlunin í þessum fasa að loka þeim vef og færa birtingu undir Myndasafn á nýjum vef Borgarsögusafns. Með því klárast verkefnið og allar stofnanir Borgarsögusafns verða undir einum vef sem heild.

Búið er að gera:

- Þarfagreiningu.
- Fundur með hagaðilum.
- Könnun á tíma við að uppfylla þarfagreiningu.
- Hönnun á vefútliti sem verður fylgt.

Með verkefninu á m.a að:

Færa birtingu alfarið undir nýja vefi í Strapi vefumsjónarkerfi og láta vefinn fylgja þróun Borgarsögusafns í vefmálum.

- Verkefnið kemur öllum starfsstöðum Borgarsögusafns undir einn vef. Uppfærslur verða því framvegis á heildinni en ekki í stökum vefjum.
- Verkefnið fækkar sérvefum um einn og eykur veföryggi. Starfsfólk þarf ekki að vinna í tveimur bakendum og þekking og miðlun verður skilvirkari bæði inná við og útávið.

Væntur ávinningur/áhati:

- Myndavefurinn er einn fjölsóttasti vefur borgarinnar og því ímyndarlega og öryggis vegna er rétt að uppfæra hann og færa undir nýjan vef Borgarsögusafns.
- Stór notendahópur er að myndavefnum, bæði áhugafólk og fagfólk.
- Leit verður bætt og sótt í fjölbreyttari skráningu en nú er gert.
- Mikill áhati í að sinna einu vefumsjónarkerfi í stað tveggja fyrir Borgarsögusafn.
- Umsýsla og sala á myndum til viðskiptavina verður einfölduð.
- Þekking á kerfum varðveitt og komið í veg fyrir spekileka þar sem þekking við núverandi vef ef lítil sem enginn og því mikil áhætta fyrir safnið.

Tímarammi: 8 vikur

Áætlaður kostnaður: 2,5 m.kr

Óskað er eftir:

- Óskað er eftir áframhaldandi stuðning verkefnaráðs við verkefnið, með því lokum við einni öryggisholunni í vefsafni Reykjavíkurborgar.
- Verkefnastjóra í 50% í 8 vikur.
- Forritun og hönnun – utanaðkomandi.

Næstu skref

- Notendaviðtöl.
- Endanlegt tilboð samkvæmt þarfagreiningu.
- Tillögur að hönnun til að leggja fyrir eiganda.
- Ítarleg kostnaðaráætlun.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 7.05 2024: 3 3 1 4 5 2 2,47

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt að klára verkefnið, gera skal heimildarbeiðni.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga verkefnis um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	

Aftur í efnisyfirlit

Rafrænar beiðnabækur – niðurstaða greiningar

Mikil handavinna á sér stað í dag varðandi innkaupabeiðnir og yfirsýn er virkilega ábótavant.

Uppgötvunar- og greiningarvinnu er lokið. Flókið ferli, tímafrekt og ekki nægilega öruggt. 20-25 þúsund beiðnir á ári með beiðnabókum og beiðnum fyrir tilfallandi innkaup.

1-2 markaðslausnir skoruðu hæst í undangenginni greiningarvinnu og gætu uppfyllt þær kröfur sem innkaupaaðilar, beiðnabókaeigendur og bókhald gera til stafrænna lausna.

Greiningarvinna skilaði sviðsmyndagreiningu sem rökstyður prófun á rafrænni lausn fyrir innkaupaheimildir.

Búið er að gera:

- Framkvæma notendagreiningu þar sem tekin voru viðtöl við innkaupaaðila, birgja, beiðnabókaeigendur og bókhaldið.
- Framkvæma upplýsingasöfnun um beiðnabækur, innanhússþekkingu, aðra aðila út á markaði, markaðslausnir.
- Rannsóknarniðurstöður teknar saman.
- Teikna upp ferli beiðna í dag og í framtíð.

Með verkefninu á m.a að:

Útrýma beiðnabókum og auðvelda tilfallandi innkaup fyrir starfsfólk borgarinnar með stafrænni lausn, þannig að við tryggjum heimild til innkaupa og að þegar rafrænn reikningur berst þá jafnast hann á móti beiðni og bókast þá sjálfvirk í fjárhagskerfinu.

Afurð verður einnig kortasjá reikningsviðskipta sem er upplýsingasíða fyrir þau sem þurfa að kaupa inn fyrir borgina.

Væntur ávinningur/ábati:

Með rafrænu utanumhaldi yfir beiðnir sem eru fyrir fram samþykktar af stjórnanda og notaðar af innkaupaaðilum sem hafa til þess leyfi, er markmiðið að hægt sé að para beiðni sjálfvirk þegar rafrænn reikningur berst.

Ávinningur rafrænnar lausnar og nýrrar verklagsnálgunar er hagræðing í vinnu bókhaldsins, betri skil á gögnum í tengslum við beiðnir, hagræðing fólgin í innkaupum í gegnum reikningsviðskipti og aukin yfirsýn og innkaupameðvitund stjórnenda og innkaupaaðila.

- Prentkostnaður við beiðnabækur: 1.486.016 kr.
- Kostnaðargreining stakrar beiðnar /beiðnabókar í kerfinu: 60 kr./1486 kr. um 2,2 stöðugildi á ári m.v. 25.000 beiðnir.
- Minnkað kolefnisspor: Útblástur, prentun, kerfisfótspor o.fl.
- Skilvirkni: Fjöldi reikninga sem bókast alfarið sjálfvirk
- Ánægja innkaupaaðila.
- Ánægja hjá birgjum.
- Ánægja bókhalds.

Tímarammi: 6-8 mánaða vinna verkefnastjóra í 100% vinnu, þjónustuhönnuður í 50% ráðgjafarvinnu í 2-3 mánuði.

Áætlaður kostnaður: 15 m.kr.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Verkefnastjóra til að leiða vinnu við frumathugunarverkefni (POC) fyrir rafrænar innkaupaheimildir.
- Í framhaldi leiða vinnu við útboðsgerð/verðfyrirspurn og stýra innleiðingu í samvinnu við innleiðingarstjóra hjá FAS.
- Fjármögnun upp á 15 m.kr.

Tegund verkefnis: Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: óþekkt: 4 5 1 4 5 2 3,20

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 13.02 2023: 5 5 1 4 5 2 3,40

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 7.05 2024: 5 5 2 5 5 3 3,87

Hækkun vegna lagalegra krafna og áhrifa á fleiri utan og innan Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt að fara í frumathugun, mjög vel undirbúið verkefni. Verkefnaráð fagnar þessu verkefni og flott ábatamat. Fara skal eftir ferli frumathugunar.

Gera skal heimildarbeiðni fyrir frumathuguninni.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt að fara í frumathugun.
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga og framleiðanda um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra xx um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Stafrænt vinnuafli

Meginmarkmið verkefnis er að sjálfvirknivæða ferla og spara með því tíma við handvirka meðhöndlun á slíkum beiðnum.

Verkefnið felst í útfærslu, smíði og innleiðingu á stafrænu vinnuafli og verður unnið í samstarfi við þjónustuaðila sem mun bera þungan í undirbúningu og innleiðingu.

Fyrstu verkefnin verða í samstarfi við FAS og felast í því að svara beiðnum um fasteignagjöld og hreyfingaryfirlit viðskiptamanna. Í samningi er gert ráð fyrir þrem öðrum verkefnum sem unninn verða á fyrsta ári.

Stafrænt vinnuafli / Robotic Process Automation (RPA) er hugbúnaður sem notaður er til að sjálfvirknivæða endurtekin verkefni í tölvuumhverfi. Hermir eftir aðgerðum notenda í forritum, hugbúnaði og milli kerfi, t.d. slá inn gögn, fylla út eyðublöð og senda tölvupósta.

Markmiðið er að bæta virkni, nákvæmni og skilvirkni svo starfsfólk geti sinnt öðrum verkefnum. Vinsælasti hugbúnaður sem sinnir þessu er UiPath, Automation Anywhere, Blue Prism og Microsoft Power Automate.

Verkefnið er frumathugunarverkefni og stendur í eitt ár.

Búið er að gera:

- Drög að samningi tilbúin.
- Staðfesta aðkomu FAS.
- Staðfesta fjármögnun á hluta FAS.
- Tilgreina eigendur og helstu ábyrgðarhlutverk.

Með verkefninu á m.a að:

- Verkefnið er stór og spennandi viðbót við stafræna vegferð Reykjavíkurborgar, þar sem við leysum síendurtekin verkefni með stafrænu vinnuafli.
- Það leysir hendur sérfræðinga og þjónustuværs til að sinna öðrum aðkallandi verkefnum, ásamt því að vera umtalsverð þjónustubæting við borgarbúa sem óska eftir upplýsingum sem stafrænt vinnuafl getur afgreitt hratt og örugglega.
- Verkefninu er ætlað að sýna fram á þann ábata sem gæti hlotist af frekari innleiðingu og því verður ábatagreining kynnt í lok verkefnis.

Væntur ávinningur/ábati:

- Mikill fjárhagslegur ávinningur.
- Hraðari og betri þjónusta við borgarbúa.
- Mjög skýr tímasparnaður starfsfólks.
- Fjárhagslegur ábati er talinn geta orðið um 8 m.kr á ári.

Tímarammi: 1 ár – frumathugun (POC)

Áætlaður kostnaður: 6 m.kr.

Óskað er eftir:

- Óskað eftir fjármögnun uppá 6 mkr.
 - UI path leyfi til eins árs
 - Uppsetning á 4-5 ferlum
- Stafrænir leiðtogar verða tengiliðir við þjónustuaðila.
- Ekki óskað eftir frekari mannauði frá PON.

Næstu skref

- Klára samninga.

- Hefja greiningarvinnu með FAS og þjónustuaðila.

Tegund verkefnis: Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 7.05 2024: 4 4 1 4 5 2 2,93

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt, mjög spennandi verkefni. Fara skal eftir ferli frumathugunar.

Gera skal heimildarbeiðni fyrir verkefninu, setja ábyrgðaraðila á það þar sem það verður ekki verkefnastjóri á þessu verkefni.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt.
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrgðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafræna leiðtoga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir xx um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	

Aftur í efnisyfirlit

Þarfagreining vegna fjárhagskerfa FAS

Að uppfæra fjárhagskerfi er flókin og mikil fjárfesting sem þarfnast vel verkstýrðar þarfagreiningar. Fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar liggur þvert á borgina og snertir alla starfsemina með einhverjum hætti. Gera þarf breytingar á fjárhagskerfinu og til þess að hámarka nýtingu fjármuna og styðja við framtíðar farsæld og farsæla ákvarðanatöku er mikilvægt að FAS fái þann stuðning sem þarf til að gera heilðræna þarfagreiningu. Mjög flókið verkefni í heild sinni, kerfið sjálft, staðan í dag og möguleikar eru flóknir.

Með verkefninu á m.a að:

Hætta þjónustu við núverandi fjárhagskerfi og yfirfærsla í skýjalausn krefst svipaðrar vinnu og að taka í notkun nýtt kerfi. Í dag eru þarfirnar ekki skýrar né hvaða kerfi hentar best.

Ávinningur/ábati:

- Notendavænna viðmót.
- Betri nýting mannauðs.
- Samræmt og gagnsætt verklag þvert á borgina.
- Öryggi gagna.
- Hámarkun notkunar kerfis og aukin þjónusta frá birgja.

Áætlaður kostnaður: 104 m.kr í heildina. Eru núna að sækja um fjárheimild fyrir fyrsta fasa – 19 m.kr.

Tímarammi: 33 mánuðir í heildina. – Eru núna að sækja um fasa 1 greining. Í kjölfarið fylgja svo fasa 2 – útboð og fasa 3- innleiðing.

Óskað er eftir:

- Lagðar fram 3 leiðir.
- 3 fasar – 33 mánuðir.
- 104 m.kr.
- Fá að byrja á fasa 1.

Næstu skref:

- Greining.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 7.05 2024: 4 5 2 4 5 3 3,60

Niðurstaða

Fyrsti fasi samþykktur og leið B þar sem við höfum ekki mannskap í annað eins og staðan er núna. Verkefnaráð leggur til að verkefnastjóri með þekkinguna taki verkefnið að sér til að minnka þörf á vörustjóra.

Ákvörðun

Nr.	
1	Fyrsti fasi samþykktur og leið B
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	
2		EBB/HA	
	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra xx um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Það sem þarf að bæta áður en verkefni koma til samþykktar hjá verkefnaráði
Umræður um að eigandi verkefnis sé alveg á því að verkefni sé samþykkt. Hefur komið upp í Borgarráði að eigandi sé ekki sammála því að hafa samþykkt verkefni og viti ekki af því. Ýmislegt sem við þurfum að breyta til að allt sé skýrt, m.a varðandi eiganda og að verkefni sé samþykkt, rekstrarkostnaður, arðsemisskoðun og fleira.
Eva bókar verkefnaráð á fund vegna þessa.

Skor í fylki

Skora þau verkefni sem ekki eru nú þegar með skor sem komu fyrir verkefnaráð í dag.
Vantar á verkefnið:

- Vefur Borgarsögusafns: Fasi 2 Ljósmyndasafn Reykjavíkur
- Rafrænar beiðnabækur – til eldra skor frá febrúar 2023
- Stafrænt vinnuafli
- Þarfagreining vegna fjárhagskerfa – FAS

Umsjónarkerfi spjaldtölvur/Jamf - umfangsstækkun

Teknar umræður án þess að verkefnastjóri kæmi inná fundinn.

Í stuttu máli þá er niðurstaðan sú að umfangsstækkun sem ákveðin hafði verið án þess að verkefnaráð hefði samþykkt hana, að samþykka ekki eins og staðan er núna. Í henni fólst lenging

á verkefninu og viðbætur inní frumathugunina. Ca 10 m.kr aukning í fjármagni, vinnuframlag verkefnastjóra var verulega vanmetin í upphafi.

Fara átti fyrir stafræna ráðið 8.maí, því var frestað.

Verkefnastjóri kemur fyrir verkefnaráð 30.maí og fer yfir ástæður og útskýrir í hverju kostnaðaraukningin er fólgin.

Á verkefnaráðsfundi 15.2 s.l var samþykkt eftirfarandi:

Leyfi og stuðningur 12,2 + verkefnastjórakostn miðað við það sem var sett upp, ca 1,2 = 13,4 m.kr sem var samþykkt.

21.mars flaggaði verkefnastjóri því að umfangsskriður væri komið í verkefnið. fékk það í hendurnar undir þeim formerkjum að skipta ætti um kerfi í grunnskólum Reykjavíkur. Síðan þá hafa mjög margar stofnanir bæst við. – þetta var aldrei samþykkt hjá verkefnaráði.

Umræður og niðurstaða verkefnaráðs þann 7.maí:

- Þetta er ekki samþykkt, þ.e umfangsstækkunin.
- Búið er að fresta erindinu hjá Stafræna ráðinu.
- Endurskoða þarf umfangið. Erum nánast búin að festa okkur á að kaupa jamf með því sem lagt er upp með. Ekki lagt upp með í frumathugun/POC að allar stofnanirnar væru inní þessu.
 - Af hverju eru hinar stofnanirnar að bætast við? Hér er um að ræða frumathugunarverkefni þar sem það felur ekki í sér fulla innleiðingu – klára grunnskólana og skoða annað betur í haust.
- Rýna betur forsendur verkefnisins og fylgja [ferli frumathugunar \(POC\)](#).

Erindið verður tekið fyrir á næsta verkefnaráðsfundi 30.maí þar sem verkefnastjóri fer yfir stöðuna.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 30.maí 2024